



HAFNARFJARÐARBÆR

GJALDSKRÁ Sorphirðugjald

Kostnaður vegna sorphirðugjalds

Gjald fyrir árið 2013

Sorphirðugjald	pr. íbúð	24.158 kr.
Auka tunna svört	pr. ígildi 240l sorptunnu	16.000 kr.
Auka tunna blá	pr. ígildi 240l sorptunnu	8.000 kr.

Gjaldskrá þessi er uppfærð í janúar ár hvert m.v. hækkun byggingarvísitölu

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar er heimilt að leggja á sérstakt sorphirðugjald.

Sorphirðugjald skal lagt á allar íbúðir sem virtar eru í fasteignarmati. Einnig skal sorphirðugjald lagt á aukaíbúðir í húsum sem virtar eru í fasteignarmati sem óskiptar eignir.

Sorphirðugjaldið er ætlað til að standa undir kostnaði við sorphirðu, sorpeyðingu, urðun sorps, ásamt kostnaði við rekstur endurvinnslustöðva og grenndarstöðva.

Hægt er að óska eftir auka tunnu við hverja íbúð

Sorphirðugjaldið greiðist til bæjarsjóðs Hafnarfjarðar og skulu gjalddagar þess vera hinir sömu og gjalddagar fasteignagjalda.

Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga auk áfallins innheimtukostnaðar. Sorphirðugjald skal tryggt með lögveði í viðkomandi fasteign í tvö ár frá gjalddaga.

Þar sem sorphirða fer fram samkvæmt sérstakri þjónustubeiðni skal innheimta sorphirðugjaldsins vera samkvæmt reikningi fyrir sannanlegum kostnaði.

Þar sem sorphirða er sérstaklega flókin og kostnaðarsöm skal heimilt að leggja á aukagjald fyrir sannanlegum kostnaði.

Gjaldskrá þessi, er sett samkvæmt ákvæðum 11. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum.

Gjaldskráin verður birt í B-deild Stjórnartíðinda og tekur gildi 1. janúar 2013.

Gjaldskrá þessi er samþykkt í Umhverfis og framkvæmdaráði 28.nóvember 2012 og í bæjarstjórn Hafnarfjarðar 5.desember 2012.

Hafnarfjörður, 5. desember 2012